

SEPTEMBER

Drottning Jórdaníu leggur börnum lið

Rania Al-Abdullah, drottning Jórdaníu, hefur verið dugleg við að vekja athygli á málefnum barna um allan heim. Hér sést hún ásamt tveimur stúlkum í skóla í São Paulo í Brasilíu sl. haust. Skólinn er styrktur af UNICEF og notar aðferðir sem efla einstaklingana og nýta umhverfi samfélagsins til að efla lærdóm. T.d. eru haldnar vinnusmiðjur í listasöfnum, leikhúsum, veitingastöðum og almenningsgördum. Þannig einskorðast lærdómurinn ekki við vegg skólans heldur verður allt umhverfið að kennslustöfu.



© Kant Page

OKTÓBER

Jarðskjálftinn í Pakistan

Ungur drengur situr meðal þeirra eigna sem fjölskyldu hans tókst að bjarga eftir harðan jarðskjálfta sem skók Balochistan-hérað í Pakistan 29. október. Um 150 manns létu lífið, 347 slósuðust og talið er að næstum 110 þúsund manns hafi þurft á neyðaraðstoð að halda, þar af helmingurinn börn.

Jarðskjálftinn mældist 6,4 á Richter og kom á þeim tíma sem vetrarhórkur eru að byrja og því enn mikilvægara að sjá til þess að fólk fái aðstoð. UNICEF hóf því strax að dreifa tjöldum, teppum, svefnpokum, hlýjum fötum og fleiri hjálpargögnum.



© Marta Ramoneda



© Marta Ramoneda

Móðir og barn sem misstu heimili sitt í jarðskjálftanum í Pakistan í lok október síðastliðnum. UNICEF dreifði vatni, hreinlætisvörum, matvælum og veitti hjálp á sviði menntunar og verndar.

NÓVEMBER

Átökin í Austur-Kongó halda áfram

Mikil átök hafa geisad í Austur-Kongó að undanfögnu. UNICEF vinnur hörðum höndum að því að koma hreinu drykkjarvatni og öðrum nauðsynjum til tugþúsunda þurfandi barna og fjölskyldna í Kibati-flóttamannabúðunum og víðar. Hluti af neyðaraðstoðinni er að koma upp vatnsleiðslum og dreifa vatnsbrúsum, eins og þeim sem barnið er með á myndinni. Einnig byggir UNICEF salernisaðstöðu og eykur fræðslu um hreinlæti til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma.

Yfir ein milljón manna er á flótta í Kivu-héraði þar sem átökin eiga sér stað milli stjórnmálshers og uppreisnarmanna. Auk þess hefur fjöldi fólks neyðst til að flýja til Úganda og Rúanda.



© Olivier Asselin



© Olivier Asselin

DESEMBER

Neyð barna á Gaza

Ísraelar hófu árástir á Gaza 27. desember. Yfir 330 börn hafa týnt lífi og 1500 særst (í miðjum janúar). UNICEF fordæmir árásirnar og hefur dreyft vatni, lyfjum og sjúkragögnum til nauðstaddirna. Árásirnar hafa þó hamlað hjálparstarfinu verulega.



© UNICEF

Ibrahim Abdul Salem Harara gengur í fyrsta bekk í Omar Bin Abdul Aziz-skólanum á Gaza. Ísraelar stöðvuðu flutning á eldsneyti, matvælum, lyfjum og öðrum nauðsynjum til svæðisins í janúar 2008 og þess vegna hafa Ibrahim og skólafélagar hans þurft að læra í kulda og myrkri.

Skólinn er staðsettur nokkur hundruð metra frá mörkunum milli Gaza og Ísrael eða grænu línunni. Bárújárn er fyrir glugganum til að koma í veg fyrir að sprengjubrot komist inn. Sjö af hverjum tíu heimilum á Gaza eru undir fátæktarmörkum.

Áður en átökin brutust út veitti UNICEF m.a. 220 skólum hreint drykkjarvatn á degi hverjum og dreifði skólagögnum til a.m.k. 12 þúsund nemenda. Auk þess hefur UNICEF staðið fyrir verkefnum fyrir börn sem snúa að friðaruppbyggingu á hernumdu svæðum Palestínu. UNICEF hefur auknið verulega við aðstoð sína nú til að bregðast við því neyðarástandi sem skapast hefur í kjölfar árásanna.

Kæra heimsforeldri,

Þessi litlu börn héldu utan um hvort annað á meðan rigningin sökkta öllu í kringum þau í flóttamannabúðum í Kenía í byrjun árs 2008. Þar bjuggu hátt í 18 þúsund manns sem höfðu flúið átök í kjölfar kosningaóeirða þar í landi. Þökk sé UNICEF og stuðningi þínum getum við rétt bágstöddum börnum eins og þeim hjálparhönd.

Um leið og við hjá UNICEF á Íslandi þökkum þér kærlega fyrir framlögin á liðnu ári óskum við þess að fátæk og varnarlaus börn um allan heim fái notið áframhaldandi stuðnings þíns á komandi ári þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hér á landi.

Með kærum þökkum,

Stefán Ingi Stefánsson,
framkvæmdastjóri UNICEF Ísland.

Gleðilegt ár!

JANÚAR



Beckham heimsækir börn í Sierra Leóne

David Beckham, velgjörðarsendiherra UNICEF, fór til Sierra Leóne í Vestur-Afríku í byrjun árs 2008. Á myndinni sést hann halda á 5 ára gömlum dreng, Foday, sem þjáist af vannæringu. Beckham hittir hann í næringarmiðstöð sem styrkt er af UNICEF og heimsforeldrum í Makeni í norðurhluta landsins. „Við getum ekki snúið bakinu við þeim tugum þúsundum barna sem deyja á hverjum degi af orsökum sem auðvelt er að koma í veg fyrir,“ sagði David Beckham í heimsókn sinni til Sierra Leóne þar sem tíðni barnadauða er sú hæsta í heimi.

Átök brjótast út í Kenía

UNICEF veitti umfangsmikla neyðaraðstoð í kjölfar kosningaóeirðanna í Kenía. Koskið var í landinu í lok árs 2007, en vopnuð átök brutust út milli þjóðernishópa í kjölfarið. Um þúsund manns létu lífið og 300 þúsund lögðust á flóttu.

Þessi 11 ára drengur var einn þeirra sem lifði af þegar kveikt var í kirkju þar sem nokkur hundruð manns höfðu leitað skjóls. A.m.k. 17 manns brunnu inni, flest þeirra voru konur og börn.

UNICEF veitti neyðaraðstoð á sviði menntunar, heilsugæslu, vatns og verndar og dreifði m.a. tjöldum, skólagögnum og leikföngum til yfir 15 þúsund barna.



FEBRÚAR



Flóð og fellibylur á Madagaskar

Þann 17. febrúar eyðilögðu rigningar og fellibylur heimili hundruð þúsunda manna á eyjunni Madagaskar við austurströnd Afríku. Auk þess eyðilagðist uppskera og skólar og spítalar urðu rústir einar. Um 227 þúsund manns þurftu á neyðaraðstoð að halda. UNICEF dreifði vatnsbirgðum til fólks, kom þeim í skjól, veitti heilsugæslu og gaf börnum skólagögn og leikföng.



MARS

Reiðhjólín í Ghana auka skólasókn

Rahinatu Alhassan, 15 ára, og Sherifatu Zakaria, 16 ára, sjást hér á spjalli fyrir framan skóla í bænum Tarikpaa í Ghana. Á vegg skólans sjást forvarnarskilaboð um HIV/alnæmi. Fyrir framan stúlkurnar eru reiðhjól sem UNICEF gaf til barna og ungmenna í sveitahéruðunum svo þau ættu auðveldara með að sækja skólann. UNICEF hefur dreift 6 þúsund hjólum í Ghana síðan árið 2001 og eru Rahinatu og Sherifatu meðal þeirra stúlkna sem hafa fengið hjól. Verkefnið hefur aukið skólasókn stúlkna, dregið úr brottfalli, bætt námsárangur og aukið sjálfstraust þeirra.



APRÍL



UNICEF-hreyfingin stækkar

Tíu grunnskólar á Íslandi tóku þátt í UNICEF-hreyfingunni á vorönn og söfnuðu fé fyrir þurfandi börn um allan heim. Um er að ræða fræðslu-, þátttöku-, og fjáröflunarverkefni sem UNICEF hefur þróað sérstaklega fyrir börn og ungmenni á grunnskólaaldri. Öllum grunnskólum á landinu er boðið að taka þátt. Nánari upplýsingar fást á www.unicef.is/UNICEF_hreyfingin.

MAÍ

Náttúruhamfarir í Mjanmar

Þann 3. maí reið hvírfilbylurinn Nargis yfir Mjanmar og olli gífurlegri eyðileggingu. Alls söfnuðust 3 milljónir króna í neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi. Talið er að 84 þúsund hafi látið lífið og hátt í 2,5 milljónir manna þurftu á aðstoð að halda. Neyðaraðstoð UNICEF var því umfangsmikil og snérist að mestu um að koma í veg fyrir vannæringu og útbreiðslu sjúkdóma með því að tryggja fólki drykkjarhæft vatn, hreinlæti, lyf, næringu og bólusetningar. Mörg tonn af hjálpargögnum voru send á vettvang þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður á hamfarasvæðunum. „Nargis hefur sett mark sitt á líf fjölda barna í Mjanmar, öryggi þeirra og velferð. UNICEF vinnur að því að mæta þörfum þessara barna og tryggja að þau haldi áfram að fá þá hjálp sem þau þurfa,“ sagði yfirmaður UNICEF í Mjanmar, Ramesh Shrestha, tveim mánuðum eftir hamfarirnar. „Þau mega ekki gleymast.“



Ljósmyndir sést hér gefa 2 ára barni bólusetningu gegn mislingum. Móðirin heldur á barninu en faðirinn lést í hamförunum í Mjanmar. Yfir 1000 börn í 50 búðum á Irawaddy svæðinu fengu bólusetningu.



Starfsmaður UNICEF í birgðastöð UNICEF í Kaupmannahöfn undirbýr sendingu hjálpargagna til Mjanmar.



UNICEF og Rauði krossinn unnu saman að dreifingu hjálpargagna í Mjanmar.

JÚLÍ

Bágstödd börn í Namíbíu fá von um betra líf

Í Oonte-miðstöðinni í Ondangwa í Namíbíu fá munaðarlaus og bágstödd börn tækifæri til að leika sér áhyggjulaus. Miðstöðin veitir hátt í 300 börnum aðstoð með því að mennta þau, sjá um skipulagða afþreyingu, gefa þeim mat, standa að fræðslu um HIV/alnæmi og þjálfa þau í garðrækt eða öðru sem getur aflað þeim tekna í framtíðinni.

UNICEF áætlað að 250 þúsund börn í Namíbíu séu munaðarlaus eða bágstödd og má rekja það að mörgu leyti til útbreiðslu HIV/alnæmis í landinu. Auk þess að styðja við munaðarlaus börn í Namíbíu heldur UNICEF úti verkefnum sem miða að því að koma í veg fyrir smit frá móður til barns og efla forvarnarstarf meðal ungmenna.



ÁGÚST

Fellibylur á Haítí

Fellibylur og hitabeltisstormur skall á eyjuna Haítí þann 16. ágúst. Um 420 manns fundust látnir og alls þurftu 620 þúsund manns, þar af 279 þúsund börn, á neyðaraðstoð að halda. UNICEF og samstarfsaðilar flugu með yfir 11 tonn af hjálpargögnum til landsins. UNICEF lagði áherslu á að dreifa hreinu vatni, hreinlætisvörum, vatnshreinsitöflum, saltupplausnum, teppum, tjöldum, próteinríku kexi, næringaríkri mjólk og skólagögnum.



Lítill börn grafa holur í sandinn til að safna vatni í Tabarre-hverfinu á Haítí. Vatnið er þó of gruggugt til að hægt sé að drekka það. Fellibylur og flóð hafa eyðilagt vatnsleiðslur á svæðinu sem gerir umhverfið hættulegt fyrir börn.

JÚNÍ

Fyrurum herdrengur heimsækir Jamaíka

Á myndinni sést sérstakur talsmaður UNICEF, Ishmael Beah, tala við ungmenni á Jamaíka. Ishmael kom til Íslands í tilefni útgáfu bókar sinnar *Um langan veg: frásögn herdrengs* í september 2007. Bókin fjallar um reynslu hans af borgarastyrjöldinni í Sierra Leóne og hvernig honum hefur tekist að byggja upp líf sitt að nýju eftir þá hræðilegu reynslu sem hann varð fyrir. Ungmennin á Jamaíka njóta stuðnings UNICEF við að byggja upp líf sitt þrátt fyrir erfið skilyrði. Börn á Jamaíka upplifa mikið ofbeldi, bæði heima fyrir og á götum úti. Í nýlegri könnun kom í ljós að 60% barna á

aldrinum 9-17 ára sögðu að einhver í fjölskyldu þeirra hefði orðið fyrir ofbeldi og 37% höfðu átt fjölskyldumeðlim sem var myrtur. Algengt er að stúlkur verði fyrir kynferðisofbeldi og drengir eru mjög berskjaldaðir fyrir alls kyns ofbeldi á götum úti. UNICEF vinnur mikið með ungmennum til að koma í veg fyrir að þau leiðist út í ofbeldi og glæpi, auk þess að hjálpa þeim börnum sem eru bein eða óbein fórnarlömb ofbeldis. Ishmael er lifandi dæmi þess að það er hægt að lifa góðu lífi þrátt fyrir að hafa lent í ólýsanlegu ofbeldi og átökum.

